

Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna haldinn 23. nóvember 2010.

Skýrsla formanns.

Á síðasta aðalfundi kórsins, sem haldinn var 17. nóvember 2009, var Þorleifur Jóhannesson kosinn í stjórn og tók hann við gjaldkerastarfi af Páli Jóhannssyni. Skipað var í nefndir og ráð eins og venjan er. Ný nefnd var sett á laggirnar, svokölluð Kötlnunefnd, sem skyldi skipuleggja Kötlnumót sem halda átti að ári.

Síðasta æfing fyrir jól var 15. desember. Komu þar fram tveir nemendur Tónlistaskóla Árneseinga, séra Eiríkur sagði nokkur orð og kvöldið endaði með jólaglöggi og smákökum og að sjálfsögðu var konunum boðið til þessarar kvöldstundar.

Æfingar hófust á nýju ári 5. janúar.

Söngskemmtun var haldin á Flúðum 20. febrúar þar sem við buðum til okkar karlakór Eldri Fóstbræðra og Freyjunum úr Borgarfirði. Að tónleikum loknum þáðu gestir veitingar í boði KKH.

Í lok febrúar var ljósmyndari fenginn til að mynda kórinn í bak og fyrir.

Vortónleikar voru haldnir 13. apríl í Selfosskirkju og 17. apríl á Flúðum. Samið var við stórtenórinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson um að syngja með okkur þetta vorið. Tónleikarnir tókust í alla staði vel og var fullt hús á báðum tónleikunum.

Hið eiginlega vetrarstarf lauk í byrjun maí með skemmti-og menningarferð í Skagafjörð þar sem KKH var gestakór Heimis og söng í lok Sæluviku í Miðgarði. Góð þátttaka var í þessari skemmtilegu ferð og Skagfirðingar höfðingjar heim að sækja.

Þrátt fyrir sumarfrí kom kórinn nokkrum sinnum fram. Sungið var á vorhátíð Jötunnvéla á Selfossi í maí. Kórinn sá um allan söng í jarðarför Guðlaugs Ólafssonar frá Melhaga sem var í Skálholti 26. júní. Jón Bjarnason, organisti, stjórnaði kórnum í fjarveru Editar. Einnig söng kórinn á Þingvöllum í ágúst á 80 ára afmæli Skógræktarfélagss Íslands.

Fyrsta æfing haustsins var síðan 14. september.

Hinn árlegi útreiðartúr kórsins var föstudaginn 17. september og var riðið um bakka Stóru-Laxár og þáðu menn veitingar á bæjum í nágrenninu.

Stóri dagurinn rann síðan upp 16. október. Kötlnumót haldið á Flúðum þar sem samband sunnlenskra karlakóra komu saman og var Karlakór Hreppamanna framkvæmaraðili mótsins. Við karlakórsmenn megum vera ákaflega stoltir af. Þar skilaði sér mikil skipulagsvinna undirbúningsnefndar og stjórnar sem og mikil sjálfboðavinna kórfélaga, t.d. að breyta lagerhúsnæði í sönghöll. Það leika það ekki allir eftir. Kötlnunefndarmenn munu hér á eftir fara yfir framkvæmd mótsins í stórum dráttum.

Á föstudaginn var, 19. nóvember, hélt síðan 2. tenór vel heppnað karlakvöld með tilheyrandi hrossakjötsáti og öðrum skemmtilegheitum.

Þetta ár hefur verið viðburðarríkt og mikið mætt á sumum við undirbúning hinna ýmsu viðburða. Ég þakka kórfélögum fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður